

Nr. 23/1998.

Föstudaginn 23. janúar 1998.

Hólmfríður Einarsdóttir og

Póra Dóra Einarsdóttir

(Ásgeir Thoroddsen hrl.)

gegn

dánarbúi Einars Inga Einarssonar

Sigríði B. Einarsdóttur

Svönu Einarsdóttur

Ingibjörgu Bjarnadóttur

Arndísi Bjarnadóttur

Einari S. Bjarnasyni

Guðrúnu B. Bjarnadóttur og

Ásmundi Bjarnasyni

(Elvar Örn Unnsteinsson hrl.)

Kærumál. Ómerking. Heimvísun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Markús Sigurbjörnsson, Arnljótur Björnsson og Gunnlaugur Claessen.

Sóknaraðilar skutu málinu til Hæstaréttar með kæru 19. desember 1997, sem barst réttinum ásamt kærumálgögnum 12. janúar sl. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Suðurlands 16. desember 1997, þar sem staðfest var ákvörðun skiptastjóra í dánarbúi Einars Inga Einarssonar 14. apríl 1997 um að selja nánar tilteknar eignir þess. Kæruheimild er í 133. gr. laga nr. 20/1991 um skipti á dánarbúum o. fl. Sóknaraðilar krefjast þess, að umrædd ákvörðun skiptastjóra verði felld úr gildi, svo og, að þeim verði dæmdur málskostnaður í héraði og kærumálskostnaður.

Varnaraðilar krefjast þess, að úrskurður héraðsdóms verði staðfestur og sóknaraðilum gert að greiða kærumálskostnað.

Málið var tekið til úrskurðar við lok aðalmeðferðar fyrir héraðsdómi 31. október 1997. Hinn kærði úrskurður var kveðinn upp 16. desember sama árs. Í niðurlagi úrskurðarins segir, að uppkvaðning hans hafi dregist vegna embættisanna og veikinda dómarans, en „endurflutningur málsins var talinn óþarfur“. Samkvæmt síðari málslið 1. mgr. 115. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála ber að

flytja mál munnlega að nýju, ef dómur er ekki kveðinn upp í því innan fjögurra vikna frá dómtöku þess, nema dómari og aðilar telji þess ekki þörf. Héraðsdómara bar að gæta þessa ákvæðis við meðferð málsins, sbr. 2. mgr. 131. gr. laga nr. 20/1991. Ekkert liggur fyrir í málinu um, að aðilar hafi ekki talið þörf á að flytja það að nýju, áður en úrskurður yrði felldur á það. Samkvæmt þessu verður ekki komist hjá því að ómerkja hinn kærða úrskurð og meðferð málsins í héraði frá og með þinghaldi 16. desember 1997 og leggja fyrir héraðsdómara að taka það að nýju til löglegrar meðferðar.

Rétt þykir, að aðilar beri hver sinn kostnað af málinu í héraði og fyrir Hæstarétti.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er ómerktur ásamt meðferð málsins í héraði frá þinghaldi 16. desember 1997 að telja. Lagt er fyrir héraðsdómara að taka málið til löglegrar meðferðar.

Málskostnaður í héraði og kærumálskostnaður fellur niður.
